

Nd.

40. Frumvarp

til viðaukalaga við lög um verzlunarbækur.

Flutningsmaður: Jón Ólafsson, 2. þm. Sunnmýlinga.

1. gr.

Brot gegn annari grein laga um verzlunarbækur varða sektum í hvert sinn sem fyrirmælin eru brotin, í fyrsta sinn eigi lægri sektum en kr. 10, og hækki sektirnar í hvert sinn, ef oftár er brotið.

2. gr.

Brot gegn 3. og 5. grein varða sektum eða fangelsi eftir atvikum.

Kveði svo mikið að brotum gegn þessum greinum, að öll bókfærslan sé í þeirri óreiðu, að hún geti bersýnilega ekki náð tilgangi sínum, varðar það fangelsi, og, eftir atvikum, missi verzlunarleyfis eitt ár eður lengur.

3. gr.

Skyldur er dómari að kveðja verzlunarfróðan mann til að rannsaka bókhald kaupmanns, eða gera það sjálfur, ef skilvís og áreiðanlegur viðskiftamaður kaupmanns kærir bókhaldið. En kærandi ber ábyrgð að lögum á kæru sinni og á kaupmaður kröfu á hendur kæranda fyrir tjón og traustsspjöll, ef kæran reynist eigi bygd á nægilegu tilefni.